



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands í borgarráði varðandi eftirlit með sjálfstætt starfandi skólum í Reykjavík

Á fundi borgarráðs 18. nóvember 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig sinnir borgin eftirlitshlutverki sínu varðandi gæði í skólastarfi leik- og grunnskóla hjá sjálfstætt starfandi skólum innan Reykjavíkur? Hvernig er brugðist við eðfáir eða enginn er með menntun á sviði sem tengist skólamálum eða er með leyfisbréf?

Svar:

Hvernig sinnir borgin eftirlitshlutverki sínu varðandi gæði í skólastarfi leik- og grunnskóla hjá sjálfstætt starfandi skólum innan Reykjavíkurborgar

Sjálfstætt starfandi grunnskólar:

Sjálfstætt starfandi grunnskólar í Reykjavík eru 6 talsins; Barnaskóli Hjallastefnunnar, Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli, Tjarnarskóli og Waldorfskólinn Sólstafr.

Samkvæmt reglugerð um mat og eftirlit í sjálfstætt starfandi grunnskólum sinnir skóla- og frístundasvið eftirliti með gæðum sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Kallað er eftir eftirfarandi gögnum og þau yfirfarin ár hvert:

- Skóladagatal
- Starfsáætlun
- Endurskoðaður ársreikningur

Jafnframt sinnir skóla- og frístundasvið eftirlitshlutverki sínu með því að bregðast við ábendingum og kvörtunum sem berast.

Þeir sjálfstætt starfandi grunnskólar í Reykjavík sem hafa farið í ytra mat á vegum Reykjavíkurborgar eru Landakotsskóli árið 2011 og Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli, Tjarnarskóli og Waldorfskólinn Sólstafr árið 2013.

Sjálfstætt starfandi leikskólar:

Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík eru 17 talsins; Askja, Ársól, Fossakot, Korpukot, Krílasel, Laufásborg, Leikgarður, Lundur, Mánagarður, Barnaheimilið Ós, Regnboginn, Skerjagarður, Sólgarður, Sælukot, Vinagarður, Vinaminni og Waldorfleikskólinn Sólstafr.

Samkvæmt reglugerð um mat og eftirlit í sjálfstætt starfandi leikskólum sinnir skóla- og frístundasvið eftirliti með gæðum sjálfstætt starfandi leikskóla.

Kallað er eftir eftirfarandi gögnum og þau yfirfarin ár hvert:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Leyfisbréf leikskólastjóra
- Umbótaáætlun ytra mats
- Listi yfir fjölda starfsmanna, starfshlutfall, starfsheiti og menntun
- Listi yfir fjölda barna á deildum
- Ársskýrsla
- Endurskoðaður ársreikningur

Auk þess svarar leikskólastjóri rafrænni könnun þar sem spurt er um fjöldatölur, innritun, öryggismál, foreldrasamvinnu og uppeldis- og menntastarfið. Jafnframt fara eftirlitsaðilar á vegum skóla- og frístundasviðs í heimsókn á hverju ári þar sem þeir ganga um skólann í fylgd stjórnenda og fá innsýn í starf leikskólans og almennt skipulag.

Eftirlitshlutverki skóla- og frístundasviðs er einnig sinnt með því að bregðast við ábendingum og kvörtunum sem berast.

Sjálfstætt starfandi leikskólar sem hafa farið í ytra mat á vegum Reykjavíkurborgar eru Fossakot árið 2014, Ársól árið 2015, Leikgarður árið 2015, Lundur árið 2015, Sólgarður árið 2016, Sælukot árið 2016, Skerjagarður árið 2017 og Vinaminni árið 2018.

Eftirfarandi leikskólar eiga eftir að fara í ytra mat: Askja, Korpukot, Krílasel, Laufásborg, Mánagarður, Barnaheimilið Ós, Regnboginn, Vinagarður og Waldorfleikskólinn Sólstafir.

Hvernig er brugðist við ef fáir eða enginn er með menntun á sviði sem tengist skólamálum eða er með leyfisbréf?

Samkvæmt lögum um leikskóla og lögum um grunnskóla er gerð krafa um að leikskólastjóri og skólastjóri séu með leyfisbréf. Í grunnskólum þarf að sækja um undanþágu fyrir leiðbeinendur sem ekki eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar. Ef leikskólastjóri eða skólastjóri grunnskóla er ekki með viðeigandi leyfisbréf er því fylgt eftir að gerðar verði breytingar og kröfur laga uppfylltar.